

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 22. janúar 2009 í máli nr. E-2457/2008:

Guðjón Steindórsson

(Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.)

gegn

Þreki ehf.

(Gestur Jónsson hrl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar 2009, var höfðað 19. mars 2008. Stefnandi er Guðjón Steindórsson, Bakkahlíð 45, Akureyri, en stefndi er Þrek ehf., Sundlaugavegi 30a, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 20.502.121 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. apríl 2004 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að viðbættum virðisauka skatti.

II

Aðilum ber ekki allskostar saman um málavexti. Fyrir liggur að stefndi hefur um árabíl rekið líkamsræktarstöðvar undir nafninu World Class. Á árinu 2001 voru uppi áform hjá stefnda um frekari uppbyggingu líkamsræktarstöðva og voru hugmyndir um að koma slíkum stöðvum á laggirnar í Laugardal, Spönginni í Grafarvogi og í húsi Orkuveitunnar við Bæjarháls.

Stefnandi er mágur fyrirsvarsmanns stefnda, Björns Leifssonar, en hann er giftur hálf systur Björns. Hafði stefnandi um árabíl starfað í banka og síðustu árin sem útibússtjóri hjá Íslandsbanka, nú Glitni. Lét stefnandi af störfum hjá bankanum á

árinu 2000. Á árinu 2001 var stefnandi ekki í fastri vinnu og varð að samkomulagi milli hans og Björns að stefnandi tæki að sér ýmis verkefni fyrir stefnda vegna fyrrgreindra áforma. Samkomulag þetta var ekki skriflegt og deila aðilar um efni þess. Lýtur ágreiningurinn einkum að umfangi þeirra verkefna sem stefnandi tók að sér fyrir stefnda og hvert endurgjaldið skyldi vera.

Stefnandi kveður ástæðu þess að stefndi hafi fengið sig í verkefni þetta hafa verið þekking hans og reynsla á kynningu verkefna og fjármögnunar auk þess sem stefnandi hafi haft góð tengsl og þekkingu á fjármálafyrirtækjum og þeim aðilum í viðskiptalífínu sem legið hafi fyrir að leita þyrfti til við fjármögnun verkefnisins. Hafi aðilar ekki samið um sérstakt endurgjald annað en að orð hafi fallið um að gert yrði vel við stefnanda ef tækist að koma verkefninu á legg.

Hafi verkefnin verið risavaxin og hafi verkefni stefnanda einkum falist í að hafa umsjón með kynningu verkefnisins meðal fjárfesta og að útvega fjármagn og samstarfsaðila auk annarra verkefna. Hafi þurft að breyta ímynd þessa annars frekar litla félags á þá lund að það væri félag sem hefði burði til að takast á við það verkefni að reisa eina stærstu og glæsilegustu heilsuræktarstöð á Norðurlöndum. Hafi það verið erfitt vegna lítills efnahags og erfiðrar skuldastöðu félagsins. Hafi þessi vinna nær eingöngu hvílt á stefnanda auk þess sem hann hafi séð um verkstjórn og umsjón á öðrum þáttum verkefnisins.

Stefnandi kveður að Orkuveitan hafi boðið út rekstur líkamsræktarstöðvar í húsa kynnum sínum að Bæjarhálsi. Hafi verið áhugi af hálfu stefnda að taka þátt í því verkefni og hafi stefnandi unnið tilboðsgögn og tilboð í það verkefni. Verkefni þetta hafi hins vegar ekki reynst áhugavert þegar til kom og hafi verið ákveðið að gefa málið frá sér með lágu tilboði til málamynda.

Stefnandi kveður að vinna hans vegna líkamsræktarstöðvar í Spönginni hafi einkum snúist um að afla fjár en líkamsræktarstöðin hafi verið sett upp í húsnæði sem þegar var búið að byggja. Hafi vinnan verið við gerð rekstraráætlunar, hugmynda um útfærslu fjármögnunar, meðal annars með fyrirframsölu líkamsræktarkorta og gerð markaðsáætlunar að öðru leyti. Hafi þessir hlutir verið nauðsynlegir og ófrávíkjanlegt skilyrði stærri lánafyrirgreiðslu frá fjármálafyrirtækjum. Hafi í kjölfarið fylgt samningaumleitanir við Landsbanka Íslands hf. og hafi þurft að vinna gögn fyrir bankann um eignastöðu stefnda og rekstur. Verkefni stefnanda hafi falist í að greina hvað þyrfti að lagfæra í rekstri, uppsetningu gagna og fleira til að gera rekstur stefnda gagnsæjan og traustverðan. Meðan á þessu hafi staðið hafi verkefnið við uppbyggingu líkamsræktarstöðvarinnar í Spönginni verið í fullum gangi. Sú staða að stefndi væri á þessum tíma í vanskilum við Landsbankann hafi gert miklar kröfur til undirbúnings, vinnusemi og eftirfylgni stefnanda enda hafi verkefnið í Spönginni átt að vera fyrirmynd gagnvart fjárfestum og öðrum að því verkefni sem framundan

hafi verið í Laugardal.

Verkefni vegna fjármögnunar á uppbyggingu líkamsræktarstöðvar í Laugardal kveður stefnandi hafa verið risavaxið enda um að ræða verkefni sem hafi verið tífalt að stærð samanborið við eignir stefnda. Hafi gríðarleg vinna farið í fjármögnun og að finna samstarfsaðila að verkefninu, enda hafi það ekki átt sér nein fordæmi á Norðurlöndunum. Þá hafi verkefni stefnanda verið í því fólgið að fá fjármögnunaraðila að verkefninu og vinna í því að uppfylla skilyrði sem þeir hafi sett fyrir fjármögnun á verkefnið. Hafi meðal annars verið um að ræða eiginfjárkröfur sem fjármögnunaraðilar, einkum Landsbanki Íslands, hafi gert kröfu um að væru í lagi vegna verkefnisins sem og ýmsar aðrar kröfur. Þetta verkefni hafi hafist í ársbyrjun 2001.

Fyrsti áfangi verksins hafi verið jarðvinna í Laugardalnum sem stefndi og Laugar hafi átt að fjármagna að hálfu á móti Reykjavíkurborg. Þegar kom að jarðvinnunni hafi hvorki stefndi né Laugar handbært fé til að standa straum af kostnaði við hana á móti Reykjavíkurborg. Til að greiða þetta hafi stefnandi sjálfur tekið yfirdráttarlán hjá viðskiptabanka að fjárhæð 10.000.000 króna sem stefnandi hafi fengið endurgreitt.

Stefnandi kveður að um verktakasamning milli aðila hafi verið að ræða og skyldi vinnan gerð upp þegar verkefnið væri í höfn. Í lok mars 2004 hafi verið komið í ljós að verkefnið yrði að veruleika og að fullur árangur hafi náðst af vinnu stefnanda.

Stefndi heldur því fram að Björn Leifsson og stefnandi hafi rætt sín á milli vegna áforma stefnda um uppbyggingu líkamsræktarstöðvanna og hafi stefnandi boðist til að vera Birni til aðstoðar varðandi fjármögnun verkefnanna. Hafi stefnandi ekki áskilið sér endurgjald fyrir aðstoðina og ekki hafi verið samið um að hann tæki að sér tiltekið verk. Hafi Björn talið að aðstoðin hefði verið boðin fram af greiðasemi eins og algengt sé innan fjölskyldna.

Kveður stefndi að af framsetningu í stefnu mætti ætla að stefnandi hafi með einhverjum hætti verið í forsvari fyrir uppbyggingu líkamsræktarstöðvanna í Laugardal, Spönginni og á Bæjarhálsi. Sé slíkt fjarri sanni. Hafi stefnandi verið Birni til aðstoðar við ýmis mál sem tengdust fjármögnun verkefnanna, s.s við uppsetningu rekstraráætlana, og hann hafi mætt með honum á fundi hjá lánastofnunum og samstarfsaðilum o.s.frv.

Kveður stefndi að mál hafi þróast þannig að vinna stefnanda í þágu stefnda hafi orðið meiri en stefndi hafði gert ráð fyrir í upphafi þótt umfangið hafi ekki verið í neinu samræmi við málatilbúnað stefnanda og sé skráning vinnustunda stefnanda í þágu þeirra verkefna sem þar séu tilgreind, þ.e. uppbyggingu heilsuræktarstöðvanna í húsi Orkuveitunnar, í Spönginni og í Laugardal, úr öllu samhengi við raunveruleikann. Hafi stefnandi framvísað til stefnda reikningum vegna útlagðs kostnaðar, meðal annars vegna flugferða, og hafi sá kostnaður verið greiddur jafnharðan.

Þá mótmælir stefndi þeim fullyrðingum stefnanda að enginn áhugi hafi verið af hálfu stefnda á rekstri líkamsræktarstöðvar í húsi Orkuveitunnar. Liggi fyrir að stefndi reki þar líkamsræktarstöð og hafi aðstoð stefnanda við það verkefni aðallega falist í því að setja upp rekstraráætlun samkvæmt fyrirsögn Björns Leifssonar og hafi sú vinna tekið um það bil eina klukkustund. Þá sé lýsing á því í stefnu, að Reykjavíkurborg og Laugar ehf. hafi sameiginlega átt að sinna jarðvinnu í Laugardal, röng. Hafi verið um aðgreinda verkþætti að ræða. Þá sé ekki rétt sem komi fram hjá stefnanda að ekki hafi verið ljóst fyrir en í lok mars 2004 að verkefnið yrði að veruleika þar sem fyrir liggi að líkamsræktarstöðin í Laugardal hafi verið opnuð 2. janúar 2004.

Stefndi kveður að öllu samstarfi aðila hafi lokið í júní 2003 í kjölfar þess að ákveðið hafi verið að hætta rekstri World Class á Akureyri sem eiginkona stefnanda og hálf systir Björns Leifssonar hafi rekið. Hafi rekstrinum verið hætt vegna mikils taps og hafi í kjölfarið risið upp mikill ágreiningur milli fjölskyldu stefnanda og Björns Leifssonar og sé nú í gangi dómsmál eiginkonu og barna stefnanda gegn stefnda vegna vangreiddra launa.

Með bréfum 31. mars 2004 til stefnda sendi stefnandi þá reikninga sem hann byggir kröfur sínar á í máli þessu og eru þeir allir dagsettir 31. mars 2004. Með öðru bréfinu fylgdu tveir „proforma“ reikningar, sem hann kallar svo, vegna vinnu og kostnaðar við heilsumiðstöðina í Laugardal. Er annar vegna vinnu að fjárhæð 21.915.113 krónur og hinn að fjárhæð 3.101.918 krónur vegna kostnaðar. Með hinu bréfinu fylgdu reikningar vegna vinnu og kostnaðar stefnanda við uppbyggingu líkamsræktarstöðvanna í húsi Orkuveitunnar að fjárhæð 591.375 krónur og í Spönginni að fjárhæð 958.650 krónur

Samkvæmt gögnum málsins fékk stefnandi eftirfarandi greiðslur frá stefnda, en fyrir liggur að hann millifærði þær greiðslur sjálfur eða lét millifæra þær. Er óumdeilt að þótt þær hafi verið greiddar af reikningi tilheyrandi Laugum ehf. hafi verið um að ræða greiðslur stefnda til stefnanda. Greiðslur þessar eru samtals að fjárhæð 3.356.080 krónur sem sundurliðast svo:

30. september 2002	500.000,00
23. október 2002	398.917,50
8. nóvember 2002	500.000,00
17. mars 2003	1.500.000,00
11. júlí 2003	150.000,00
1. september 2003	307.162,50

Þá liggur fyrir og er óumdeilt að stefnandi fékk greitt frá stefnanda hinn 20. desember 2002 220.000 krónur. Samtals fékk stefnandi því greitt af hálfu stefnda 3.576.080 krónur á tímabilinu 30. september 2002 til 1. september 2003.

Með bréfi stefnda til stefnanda 6. janúar 2005 var stefnanda sendur launaseðill vegna framangreindra greiðslna. Samkvæmt launaseðlinum er gert ráð fyrir að samtals hafi launagreiðslur til stefnanda verið að fjárhæð 6.064.935 krónur. Þar af var afdregin staðgreiðsla 2.246.258 krónur og lífeyrissjóðsiðgjald 242.597 krónur þannig að lítið var svo á að framangreindar greiðslur til stefnanda væru útborguð laun ($6.064.935 - 2.246.258 - 242.597 = 3.576.080$). Í bréfi þessu er þess jafnframt getið að stefndi líti svo á að þessar greiðslur hafi verið fullnaðaruppgjör vegna vinnu stefnanda hjá stefnda og hafnaði stefndi alfarið framangreindum reikningum.

Með bréfi 21. febrúar 2005 sendi lögmaður stefnanda stefnda innheimtubréf vegna áður sendra reikninga og mótmælti að krafan hefði verið gerð upp að fullu í samræmi við framangreindan launaseðil. Þá var jafnframt óskað eftir viðræðum um kröfuna. Var þetta ítrekað í bréfi 16. mars 2005. Með bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda 17. mars 2005 var öllum kröfum stefnanda hafnað og ítrekað að stefndi líti svo á að stefnanda hefði verið greitt umfram skyldu fyrir alla þá vinnu sem hann hefði látið í té.

Í kjölfar útgáfu launaseðilsins tilkynnti skattstjóri stefnanda að breyting hefði verið gerð á skattframtali hans vegna vanframtalinna launa. Stefnandi kærði þá ákvörðun og með úrskurði skattstjóra 6. febrúar 2006 var kröfu stefnanda hafnað. Þeim úrskurði skaut stefnandi til yfirskattanefndar sem komst að því í úrskurði sínum 21. febrúar 2007 að verulegir annmarkar hefðu verið á málsmeðferð skattstjóra og ómerkti hina kærðu breytingu. Í kjölfarið var stefnanda hinn 6. mars 2007

endurgreidd afdregin staðgreiðsla að fjárhæð 2.246.258 krónur.

Snýst ágreiningur aðila fyrst og fremst um umfang þess starfs sem stefnandi tók að sér og hvert endurgjald fyrir það starf skyldi vera. Þá telur stefndi ljóst að krafa stefnanda sé fyrnd.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á fjórum reikningum vegna ráðgjafa- og sérfræði þjónustu stefnanda í þágu stefnda:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	29.03.2004	13.04.2004	591.375
2	29.03.2004	13.04.2004	958.650
3	31.03.2004	15.04.2004	21.915.113
4	31.03.2004	15.04.2004	3.101.918

Í upphafi gerði stefnandi aðeins ráð fyrir frádrætti af kröfum sínum vegna endurgreiddrar staðgreiðslu að fjárhæð 2.246.258 krónur. Í upphafi aðalmeðferðar leiðrétti hann hins vegar kröfur sínar á þá lund að hann dró frá kröfunni innborganir samtals að fjárhæð 6.064.935 krónur. Kom fram hjá stefnanda að innborgunum hafi verið ráðstafað á móti elstu vinnuliðum stefnanda að baki reikningunum samkvæmt vinnubók stefnanda. Þannig hafi reikningur nr. 2 að fjárhæð 958.650 krónur verið að fullu greiddur með ofangreindri innborgun. Þetta sé reikningur vegna vinnu við heilsumiðstöð í Spönginni sem hafi verið unnin á árinu 2001. Reikningur nr. 3 að fjárhæð 21.915.113 krónur vegna vinnu við heilsumiðstöð í Laugum sé með innborgunum lækkaður sem nemur tímum ársins 2001 samtals 376 eða um 3.510.900 krónur og vegna fyrstu 171 tímum á árinu 2002 eða um 1.596.713 krónur. Sé lækkun reiknings 3 samtals 5.106.285 krónur og eftirstöðvar því 16.808.828 krónur.

Stefnandi kveður reikninga þá sem kröfur hans byggist á vera „proforma“ reikninga sem byggðir séu á tímaskýrslum vegna þriggja verkefna á tímabilinu 3. janúar 2001 til 18. desember 2003. Verkið hafi ekki verið gjaldkræft gagnvart stefnda fyrr en við útgáfu reikninga í lok mars 2004 þegar árangur hafi verið orðinn ljós af verkefninu. Um verktakavinnu hafi verið að ræða sem hafi lotið að aðstoð við fjármögnun og uppbyggingu líkamsræktastöðva í húsi Orkuveitunnar við Bæjarháls, í Spönginni í Grafarvogi og í Laugardal, en stærsti hluti vinnunnar hafi verið vegna þess síðastnefnda. Verkefnið hafi verið ein heild og átt að gerast upp

þegar því væri lokið í einu lagi samkvæmt útgefnum reikningum. Ekki hafi verið samið um sérstakt endurgjald en reikningar byggist á tímaskýrslum og tímagjaldi.

Stefnandi byggir á því að samningur hafi komist á um að hann tæki að sér þau verkefni sem hann hafi unnið fyrir stefnda. Þá beri sáttafundur sem haldinn hafi verið með aðilum 24. apríl 2007 og tölvupóstur lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda frá 21. janúar 2008 með sér að stefndu líti svo á að enn sé að einhverju leyti óuppgert við stefnanda vegna vinnu hans í þágu stefnda. Því megi ljóst vera að samningssamband hafi verið milli aðila málsins og sé stefnanda því rétt að stefna stefnda enda hafi aðild ekki verið hafnað, sbr. bréf lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda 17. mars 2008, þar sem reikningum sé mótmælt sem of háum, en ekki gerðar athugasemdir við að kröfu sé beint að stefnda.

Stefndi hafi gefið út launaseðil vegna vinnu stefnanda og með útgáfu hans hafi stefndi viðurkennt að samningssamband hafi verið á milli aðila og að greiðsluskylda hafi verið fyrir hendi. Með því að greiða inn á kröfu sem fyrirjábanlega væri ágreiningur um hafi tilvist kröfunnar verið viðurkennd, enda sé um að ræða að meintur launagreiðandi sé að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á ætluðum gjöldum sem séu eign stefnanda og honum beri skylda til að inna af hendi til ríkissjóðs, ef um laun væri að ræða.

Stefnandi byggi á því að stefnda beri að greiða stefnanda fyrir unna vinnu samkvæmt framlögðum tímaskýrslum og vegna kostnaðar og „proforma“ reikningum. Tímagjald sé 7.500 krónur auk 24,5% virðisaukaskatts. Tímagjald þetta sé ekki ósanngjarnt þegar litið sé til sérfræðipækkingar og reynslu stefnanda á sviði fjármála og þess að hann hafi tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar og persónulega áhættu í þágu verkefnisins með yfirdráttarláni án þess að vera hluthafi eða eigandi.

Hafi verkefnið að öllu verulegu leyti hvílt á stefnanda, ekki síst þegar mótlætið hafi orðið sem mest í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun um ákæru á hendur Birni Leifssyni og fleirum. Þá sé fjárhæðin ekki of há þar sem samið hafi verið um að greitt skyldi í lok verkefnis, án vaxta fram að þeim degi er krafa yrði gjaldkræf og hafi greiðsla verið háð því hvort verkefnið yrði að veruleika, sbr. og ummæli í bréfi stefnda og Lauga ehf. til stefnanda 6. janúar 2005 um fyrirframgreiðslu „launa“. Því hafi verið veruleg óvissa um hvort þær aðstæður myndu skapast að verkefnið teldist hafa náð fram að ganga og hvort stefnandi fengi greitt fyrir vinnu sína. Þá verði að líta til þess að stefnandi hafi ekki haft aðstöðu hjá stefnda vegna skrifstofu, síma tölvu eða þess háttar. Byggi stefnandi að þessu leyti á meginsjónarmiðum samninga- og kröfuréttar um efnidir skuldbindinga og ennfremur byggi stefnandi kröfu sína á reglum VI. og VII. kafla laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, einkum 45. gr. Þá byggi stefnandi á reglum verktakaréttar um greiðslu þóknunar fyrir unnið verk.

Sé á því byggt að samið hafi verið um að greiða ætti fyrir verkið eftir á. Fáí það stoð í framangreindu bréfi frá 6. janúar 2005, þar sem segi að laun hafi verið greidd fyrirfram á árunum 2002 og 2003. Komi það heim og saman við eðli verksamningsins þar sem reikningur sé gerður í lok verkefnis og árangur verkefnisins orðinn ljós. Það hafi ekki legið ljóst fyrir fyrr en í lok mars 2004 og þá fyrst hafi verið unnt að gefa út reikning.

Þá byggi stefnandi á því að stefnda beri að greiða umrædda reikninga þar sem þeir séu ekki bersýnilega ósanngjarnir. Þeir hafi verið sendir um leið og mögulegt hafi verið, í marslok 2004, og þeim hafi ekki verið mótmælt fyrr en með bréfinu 6. janúar 2005. Þar sem sjónarmið VI. kafla laga nr. 50/2000 gildi um sakarefnið hafi stefnda borið að mótmæla þessum reikningum innan sanngjarns frests. Það hafi hann ekki gert og beri því að greiða umkrafðar fjárhæðir, sbr. sjónarmið 47. gr. laga 50/2000 og almennar reglur kröfuréttarins.

Hafi samband aðila borið þess merki að um verktakasamning hafi verið að ræða en ekki ráðningarsamband vinnuveitanda og launþega og mótmæli stefnandi því að hafa verið launþegi hjá stefnda. Beri meðal annars að líta til þess að laun hafi ekki verið greidd mánaðarlega, stefnanda hafi ekki borið skylda til að mæta til vinnu á ákveðnum tímum eða að hann lyti boðunarvaldi stefnda eða starfsmanna hans sem yfirmanna. Þá hafi enginn skriflegur ráðningarsamningur verið gerður milli aðila eins og skylt sé samkvæmt lögum. Þá hafi stefndi ekki lagt stefnanda til tölvu, síma eða skrifstofuaðstöðu.

Hafi stefnanda verið rétt að beina greiðslukröfu sinni að stefnda með „proforma“ reikningum þar sem við útgáfu þeirra hafi verið ljóst að ágreiningur yrði um fjárhæð þeirra. Um sé að ræða verulega fjárhæð og sé ekki hægt að ætlast til þess að reikningar séu gefnir út upp á von og óvon um að þeir greiðist mögulega eftir margra ára þref, einkum þegar haft sé í huga að stefnandi þurfi að greiða virðisaukaskatt af útgefnum reikningum, án tillits til þess hvort þeir greiðist. Megi ljóst vera að stefnandi hafi ekki haft neina burði til þess enda hafi þetta verið aðalverkefni hans á þessum tíma og lítill kostur fyrir hann að afla annarra tekna á tímabilinu.

Hafi stefnda verið eða mátt vera ljós og kunn öll sú vinna sem stefnandi hafi innt af hendi vegna verkefnisins þar sem stefnandi hafi verið í mjög nánú samneyti við Björn Leifsson, sem fylgst hafi með framvindu málsins viku fyrir viku. Þá hafi Birni verið kunnugt um að stefnandi væri ekki í annarri fastri vinnu og því haft takmarkaða tekjumöguleika meðan hann sinnti því verkefni sem mál þetta fjalli um. Aldrei hafi vinnuframlagi stefnanda verið hafnað eða athugasemdir gerðar við

það af hálfu stefnda. Hafi fyrirsvarsmenn stefnda því aldrei haft ástæðu til að ætla að um væri að ræða sjálfböðavinnu eða vinargreiða vegna fjölskyldutengsla sem innt væri af hendi án endurgjalds enda hafi verið um að ræða verkefni sem meðal annars hafi staðið til að fyrirtækið Fjárvernd-verðbréf tæki að sér fyrir hátt verð, og hafi verið um það samið að greitt skyldi í verklok.

Krafa um greiðslu kostnaðar vegna gistingar og fæðis og annars útlagðs kostnaðar sé sanngjörn krafa og sé hún innan eðlilegra marka, sbr. sjónarmið 45. gr. laga nr. 50/2000. Beri stefnda að greiða stefnanda þennan kostað. Sé stefnandi búsettur á Akureyri og hafi stefnda því mátt vera ljóst að með því að hafa stefnanda í þjónustu sinni yrði að greiða sérstaklega staðarkostnað vegna ferða, upphalds og gistingar, en stefnandi hafi sjálfur haft veg að því að leysa þau mál hverju sinni að öllu verulegu leyti. Um þetta gildi almennar reglur sem gildi jafnt um sérfræðinga sem þurfi að koma til Reykjavíkur utan af landi, eins og þá sem fari frá Reykjavík út á land. Megi ljóst vera að um þetta hafi stefnda verið fullkunnugt enda hafi hann greitt allmargar flugferðir fyrir stefnanda milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þá fái þessir liðir stoð í tímaskýrslum stefnanda.

Að mati stefnanda séu ekki of margir tímar skráðir á verkefnið. Skráning tíma taki mið af því að stefnandi sé búsettur á Akureyri. Þá sé til þess að líta að marga fundi hafi þurft að sækja með ýmsum aðilum en undirbúningur og skipulagning þeirra geti verið tímafrekur en mikið hafi verið í húfi og í upphafi hafi verið mjög á brattann að sækja við að fá samstarfsaðila að verkefninu.

Um lagarök að öðru leyti en að framan styður stefnandi kröfu sína um málskostnað við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun reisir hann á lögum númer 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 33. gr. laga nr. 91/1991.

IV

Stefndi kveður að þrátt fyrir óljósa og um sumt ruglingslega framsetningu krafna stefnanda verði ráðið af fyrirliggjandi vinnubók stefnanda að um sé að ræða kröfu um endurgjald fyrir þjónustu sem stefnandi telji sig hafa veitt stefnda á tímabilinu frá 4. janúar 2001 til 18. desember 2003. Megi af málatilbúnaði stefnanda ráða að í apríl 2004 hafi stefnandi talið að vinnunni hafi lokið 15. september 2003. Stefndi telji sig hins vegar ekki hafa fengið neina þjónustu frá stefnanda eftir júní 2003.

Enginn skriflegur samningur hafi verið gerður milli aðila um þjónustukaupin og engin gögn séu um að samið hafi verið um greiðslufrest á rétti til endurgjalds, hafi slíkur réttur verið fyrir hendi. Rétt endurgjald hafi því verið gjaldkræft þegar þjónusta hafði verið innt af hendi samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins.

Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni að samið hafi verið um að reikningar skyldu gerðir þegar verki væri lokið og árangur þess orðinn ljós og að það hafi ekki verið fyrr en í mars 2004. Stefndi mótmæli því að samningur þessa efnis hafi verið gerður.

Þegar atvik máls þessa hafi átt sér stað hafi verið í gildi lög nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Samkvæmt 1. tl. 3. gr. laganna fyrnist á 4 árum kröfur út af *...vinnu, og hvers konar starfa sem í té er látinn* og samkvæmt 2. tl. 3. gr. gildi sami fyrningarfrestur um *..gjaldkræf laun..* Samkvæmt 5. gr. laganna teljist fyrningarfrestur frá þeim degi sem krafa varð gjaldkræf.

Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda hafi hugsanlegar kröfur hans til endurgjalds vegna starfa á árinu 2001 fyrnst árið 2005, kröfur vegna starfa á árinu 2002 hafi fyrnst árið 2006 og kröfur vegna starfa á árinu 2003 hafi fyrnst árið 2007, annaðhvort í september 2007, sbr. bréf stefnanda til stefnda 31. mars 2004, þar sem fram komi að vinna stefnanda sé vegna tímabilsins 1. janúar 2001 til 15. september 2003, eða í desember ef miðað er við vinnubók stefnanda sem taki yfir tímabilið janúar 2001 til desember 2003. Sé því mótmælt að nokkuð það hafi gerst í lok mars 2004 sem geti leitt til þess að upphaf fyrningarfrests teljist frá þeim tíma.

Í stefnu virðist stefnandi byggja á því að nýr fyrningarfrestur hafi stofnast þar sem stefndi hafi viðurkennt tilvist kröfunnar. Þessu mótmæli stefndi enda hafi hann aldrei viðurkennt kröfuna heldur þvert á móti lýst því yfir að hann hafi innt af hendi fullnaðaruppgjör gagnvart stefnanda. Þá sé það í raun undarlegt og ekki rétt að halda því fram að í samskiptum lögmannna aðila í tölvupósti hafi falist viðurkenning stefnda á skuld við stefnanda. Enginn nýr fyrningarfrestur samkvæmt 6. gr. eldri fyrningarlaga hafi því stofnast og sé krafan því fyrnd og fallin niður, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1905 sem og réttur til vaxta af kröfunni.

Þá byggi stefndi sjálfstætt á því að tómlæti stefnanda við að krefjast endurgjaldsins hafi verið slíkt að krafan, hafi hún átt rétt á sér, sé fallin niður.

Stefndi mótmæli því að hann hafi gert samning við stefnanda um þjónustukaup. Hafi aðstoð stefnanda upphaflega verið boðin fram af greiðasemi. Þegar fram í sótti hafi aðstoðin orðið meiri en svo að eðlilegt væri að hún væri innt af hendi án endurgjalds. Hafi stefndi greitt útlagðan kostnað stefnanda samkvæmt reikningum hans. Þá hafi stefnandi fengið greiðslur, meðal annars greiðslur sem hann hafi sjálfur tekið sér af fjármunum Lauga ehf., sem að teknu tilliti til staðgreiðslu og lífeyrissjóðsiðgjalda nemi 6.064.935 krónum og hafi stefnandi nú dregið þá fjárhæð frá stefnukröfum sínum. Að mati stefnda hafi greiðslur þessar verið verulega umfram það sem stefndi telji eðlilegt miðað við vinnuframlag stefnanda.

Hafi stefndi ákveðið að setja strik undir fjárhagssamskipti sín við stefnanda með því að gefa út launaseðil í desember 2004 og gera jafnframt upp opinber gjöld og launatengdar greiðslur af því fé sem stefnandi hafði tekið sér. Samkvæmt launaseðlinum hafi launagreiðslur til stefnanda verið að fjárhæð 6.064.935 krónur. Hafi aðstoð hans verið veitt á tímabilinu júní 2001 til júní 2003 og nemi launagreiðslurnar því ca 250.000 krónum á mánuði. Að mati stefnda sé sú greiðsla að minnsta kosti rífleg miðað við vinnuframlagið sem hafi verið stopp og langt frá því að vera fullt starf. Þá sé rétt að geta þess að samhliða aðstoðinni við stefnda hafi stefnandi notað ferðir sínar til Reykjavíkur til þess að sinna öðru verkefni sem hann hafði á sinni könnu við að innheimta kröfur fyrir fyrirtæki á Akureyri.

Þá mótmæli stefndi tölulegum forsendum kröfugerðar stefnanda. Tímaskráningunni sé mótmælt sem fráleitri. Öll tímaskriftin frá janúar 2001 til 4. júní 2001 varði verkefni sem ekki hafi verið beðið um og sé henni mótmælt sem rangri. Tímaskriftin eftir 4. júní 2003, þ.e. eftir það tímamark þegar upp úr hafði soðið milli stefnanda og Björns Leifssonar, sé vegna verkefna sem ekki hafi verið umbeðin. Virðist mestur tíminn samkvæmt verklýsingunni reyndar varða ýmiss konar persónulegan erindrektur stefnanda gagnvart Birni Leifssyni og stefnda. Tilgangslaust sé að reyna svo löngu síðar að gagnrýna einstakar skráningar og því sé látið við það sitja að mótmæla skráningunni í heild sinni. Þess skuli getið að stefnandi hafi aldrei framvísað neinni tímaskráningu fyrr en á árinu 2004 og megi ætla að tímaskráningin hafi verið sett saman eftir á í því skyni að styrkja grundvöll þeirrar kröfugerðar sem hér sé höfð uppi.

Þá sé því mótmælt að eðlilegt sé að stefnandi reikni sér 7.500 krónur á tímann sem endurgjald. Aldrei hafi verið um slíkt samið og væri eðlilegt tímagjald stefnanda árin 2001 til 2003 nær því að vera 3.500 til 4.000 krónur.

Reikningi nr. 4 að fjárhæð 3.101.918 krónur vegna gistingar, fæðis, bifreiðakostnaðar, pappírs og prentunar sé mótmælt sem tilefnislausum og algjörlega úr hófi. Engin tilraun hafi verið gerð til þess að réttlæta grundvöll þessa reiknings með framlagningu gagna. Þegar stefnandi hafi verið í Reykjavík hafi hann ýmist búið hjá tengdforeldrum sínum eða systur sinni. Hann hafi fengið lánaða bíla innan fjölskyldunnar, meðal annars hjá Birni Leifssyni og hafi hann borðað frítt hjá fjölskyldunni og hjá stefnda. Ekki sé ljóst hvernig kostnaður stefnanda vegna pappírs og prentunar eigi að hafa numið ríflega 200.000 krónum. Sömu sjónarmið eigi við um kostnaðarluta reiknings nr. 2.

Það veki óneitanlega athygli hve frjállega stefnandi virðist umgangast reglur um útskrift reikninga og skattskil. Þrátt fyrir að hafa tekið sér launagreiðslur upp á

ríflega 3,5 milljónir króna hafi hann ekki skilað neinum skattgreiðslum þegar stefndi hafi ákveðið að gefa út launamiða fyrir greiðslunum í lok árs 2004. Reikningar virðist vera til í mörgum útgáfum, sbr. reikningana á dómskjali 3 og að því er virðist sömu reikninga á dómskjölum 22, 23, 25 og 26. Ekki sé fullt samræmi milli texta reikninganna og útgáfudaga á dómskjali 3 og sömu reikninga á dómskjölum 22, 23, 25 og 26.

Kröfum um vexti og málskostnað sé mótmælt.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Eins og rakið hefur verið snýst ágreiningur aðila um umfang þess verkefnis sem stefnandi tók að sér að vinna fyrir stefnda, hvenær því lauk og hvert skyldi vera endurgjald fyrir verkið. Þá er ágreiningur um það hvort kröfur stefnanda séu fyrndar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á reikningum sem hann kveður vera "proforma" reikninga sem til séu komnir vegna ráðgjafa- og sérfræðipjónustu sem hann hafi innt af hendi í þágu stefnda. Kveður stefnandi reikningana byggða á tímaskýrslum vegna þriggja verkefna á tímabilinu 3. janúar 2001 til 18. desember 2003, en um var að ræða heilsuræktarstöðvar sem stefndi hugðist setja á laggirnar í Laugardal, Spönginni í Grafarvogi og í húsi Orkuveitunnar við Bæjarháls. Í mála tilbúnaði sínum heldur stefnandi því fram að verkefnið hafi verið ein heild sem gerast ætti upp þegar verkinu væri lokið í einu lagi eftir úgefnum reikningum. Þá kemur fram hjá stefnanda að gera hafi átt upp í lok verkefnisins án vaxta fram að þeim degi er krafan yrði gjaldkræf og hafi greiðsla verið háð því að verkefnið yrði að veruleika. Kveður stefnandi að verkið hafi ekki verið gjaldkræft gagnvart stefnda fyrr en við útgáfu reikninganna í lok mars 2004.

Fyrirsvarsmáður stefnda, Björn Leifsson, bar fyrir dómi að stefnandi hafi átt að fá greiðslu fyrir vinnu sína í þágu stefnda þegar verkefninu væri lokið.

Ber aðilum ekki saman um hvenær þeim verkefnum sem stefnandi vann í þágu stefnda var lokið en því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda að verkefnið væri ein heild sem gerast skyldi upp í einu lagi. Stefnandi hefur ýmist haldið því fram að verkefnum hans í þágu stefnda hafi lokið um miðjan september 2003 eða í lok desember 2003. Stefndi hins vegar kveður stefnanda hafa hætt allri vinnu í þágu stefnda í júní 2003 þegar upp hafi komið deilur milli aðila í kjölfar uppsagnar

stefnda á samningi við eiginkonu stefnanda vegna reksturs líkamsræktarstöðvar á Akureyri.

Lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda öðluðust gildi 1. janúar 2008 og samkvæmt 28. gr. þeirra laga gilda þau aðeins um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna. Fyrir liggur og er óumdeilt að stefnandi vann í þágu stefnda frá byrjun janúar 2001 og fram á árið 2003, þótt aðila greini á um hvenær ársins 2003 vinnu hans lauk. Er því ljóst að umdeildar kröfur stefnanda vegna vinnu hans í þágu stefnda stofnuðust fyrir gildistöku hinna nýju fyrningarlaga og gilda því um viðskipti aðila lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fynast á fjórum árum kröfur út af vinnu og hvers konar starfa sem í té er látinn og samkvæmt 2. tl. 3. gr. laganna gildir sami fyrningarfrestur um gjaldkræf laun. Eins og fram er komið liggur ekki fyrir skriflegur samningur milli aðila um þau verkefni sem stefnandi tók að sér fyrir stefnda en ljóst er að umdeildar kröfur stefnanda eru vegna starfa hans í þágu stefnda og kostnaðar sem hann kveðst hafa haft þeirra vegna. Þykir því ljóst að fyrningartími kröfu þeirrar sem stefnandi hefur uppi í máli þessu er fjögur ár. Fyrningarfrestur slíkrar kröfu telst frá þeim degi sem krafan var gjaldkræf, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905.

Eins og rakið hefur verið byggir stefnandi á því að hann hafi átt að fá greitt fyrir verkið þegar því væri lokið og árangur kominn í ljós. Af gögnum málsins liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti hvenær verkefnum stefnanda vegna líkamsræktarstöðvanna í húsi Orkuveitunnar og í Spönginni lauk endanlega eða hvenær árangur þeirra verkefna hafi verið kominn í ljós. Hins vegar má af vinnubók stefnanda ráða að síðustu tímar sem stefnandi skráði vegna vinnu við líkamsræktarstöðina í húsi Orkuveitunnar voru skráðir 1. maí 2002 og síðustu tímar vegna líkamsræktarstöðvarinnar í Spönginni voru skráðir 19. október 2001.

Meginhluti krafna stefnanda er vegna vinnu við líkamsræktarstöðina í Laugardal. Samkvæmt fyrirliggjandi vinnubók stefnanda færði hann síðast tíma vegna vinnu í þágu stefnda við það verkefni hinn 18. desember 2003. Í bréfi stefnanda til stefnda 31. mars 2004 sem fylgdi reikningum nr. 3 og 4 vegna vinnu og kostnaðar við líkamsræktarstöðina í Laugardal kemur fram að um sé að ræða vinnu fyrir tímabilið 1. janúar 2001 til 15. september 2003.

Þykir ljóst af því sem nú hefur verið rakið að allri vinnu stefnanda í þágu stefnda lauk í síðasta lagi hinn 18. desember 2003. Ef gera átti upp við stefnda þegar verkefni hans væri lokið og árangur þess kominn í ljós er ekki unnt að miða við seinna tímamark en þegar líkamsræktarstöðin í Laugardal var opnuð hinn 2. janúar

2004. Á þeim tíma var öllum verkefnum stefnanda lokið og komið í ljós hver árangur hafi verið af þeim. Voru allar kröfur stefnanda því gjaldkræfar í síðasta lagi hinn 2. janúar 2004. Hefur stefnandi ekki lagt fram haldbær rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni að verkið hafi ekki verið gjaldkræft gagnvart stefnda fyrr en við útgáfu reikninganna í lok mars 2004 og verður hann að bera hallann af því.

Í upphafi 6. gr. laga nr 14/1905 er kveðið á um það að ef skuldunautur viðurkenni skuld sína við kröfueiganda, annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, eftir þann tíma er fyrningarfrest hefði ella átt að telja frá, hefjist nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sér stað. Sem dæmi um viðurkenningu kröfu er tekið loforð um borgun eða greiðsla vaxta. Grunnrök að baki fyrningarreglum eru meðal annars þau að ekki sé rétt að skuldari megi búast við því nema í tiltekinn tíma að þurfa að svara til kröfu, enda er honum erfðara að færa sönnun gegn kröfunni því lengra sem líður frá því að hún varð gjaldkræf. Með hliðsjón af þessum grunnrökum verður að gera nokkuð strangar kröfur til skýrleika viðurkenningar skuldar í skilningi 6. gr. laga nr. 14/1905.

Af málatilbúnaði stefnanda má ráða að hann telji að með útgáfu launaseðils hafi stefndi viðurkennt tilvist kröfu stefnanda. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að með útgáfu umrædds launaseðils hafi stefndi verið að bregðast við því að í bókhaldi hans var færð útstandandi krafa á stefnanda vegna úttekta hans sjálfs af reikningi stefnda og vegna greiðslna til hans á árunum 2002 og 2003 án þess að reikningar væru fyrirliggjandi vegna þeirra greiðslna. Verður því með engu móti fallist á að með því að leiðrétta færslu þessa í bókhaldi sínu og gefa umræddar greiðslur til stefnanda upp til skatts sem launagreiðslur hafi stefndi verið að viðurkenna kröfu stefnanda í skilningi 6. gr. laga nr 14/1905.

Þá má af málatilbúnaði stefnanda ráða að hann telji að með tölvupósti lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda 21. janúar 2008 hafi falist staðfesting á því að einher hluti kröfu stefnanda eigi við rök að styðjast og viðurkenning á því að hún væri ógreidd. Í umræddum tölvupósti tilkynnir lögmaðurinn að þar sem ákveðin hafi verið aðalmeðferð í máli eiginkonu stefnanda og barna hennar gegn stefnda verði ekkert af hugmyndum um allsherjarsátt enda hafi hugmyndin verið sú að ljúka báðum málum á einu bretti. Verður ekki með nokkru móti fallist á að í þessum tölvupósti hafi falist viðurkenning stefnda á kröfu stefnanda í skilningi 6. gr. laga nr. 14/1905.

Verður ekki séð að tilraun hafi verið gerð af hálfu stefnanda til að rjúfa fyrningu þeirra krafna sem hann telur sig eiga á hendur stefnda vegna kostnaðar og vinnuframlags í hans þágu á árunum 2001, 2002 og 2003 fyrr en mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 19. mars 2008 en þá voru liðin rúm fjögur ár frá 2. janúar 2004 er krafan var gjaldkræf í síðasta lagi og er hún því fallin niður fyrir fyrningu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum

stefnanda.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af atvikum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.000.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ólafur Rúnar Ólafsson hdl. en af hálfu stefnda flutti málið Gestur Jónsson hrl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Þrek ehf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Guðjóns Steindórssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 1.000.000 krónur í málskostnað.

Greta Baldursdóttir